

Ferðasögur

“Langa ferðin “

höfst 4. ágúst og þótti mörgum það heldur seint, en mig grunar, að ferðanefndin hafi fengið einhverja vitrun áður en þau skipulögðu ferðina. Slík var veðurbliðan, að undanskildum fyrsta deginum. Fyrstu nóttina var gíst á Húsavík, þar brosti sólin frá bláum himni og viðraði vel til gönguferðar um bæinn og höfnina, en þar lá farþegaskipið Bremen við festar og hljómaði frá því mjög svo þýsk hljómlist. Með kvöldinu kólnaði og voru menn og eini kötturinn í ferðinni fegnir að skríða í bólið.

Um morguninn var farið að rigna og héldum við fljótlega af stað austur á bóginn. Haldið var austur yfir Jökulsá og yfir Öxarfjarðarheiði, niður í Þistilfjörð, þar sem ekki verður þverfótað fyrir laxveiðiám á heimsmælikvarða. Áfram var haldið yfir Brekknaheiði og Sandvíkurheiði. Veðrið var allt frá súld, rigningu, hellirigningu til skýfalls og vegirnir ýmist vondir eða góðir, eftir því hvað við vorum nálægt Gunnarsstöðum í Þistilfirði, uppeldisstöðvum Skallagríms fyrrum samgöngu-ráðherra. Á Vopnafirði var að sjálfsögðu líka rigning og svæðið, sem við áttum að fá, ófært vegna bleytu. Okkur var því plantað út á planinu á milli sláturhússins, frystihússins og kaupfélagsins. Villi sveitarstjóri var mjög hjálplegur og opnaði fyrir okkur snyrtiaðstöðu í frystihúsinu. Þarna bjuggum við frítt í tvær nætur. Þegar kvöldaði, stytti upp og þá voru grillin dregin fram og matreiddar dýrindis steikur, sem runnu ljúflega niður, ásamt meðlætinu. Nokkrir flakkarar slógu saman hljómsveit, og var dansað og sungið fram á nótt. Einhver sem líktist Rögggu Gísla, klifraði upp á gamla dráttarvél og söng við raust. Sumir karlarnir heilluðust mjög af þessari vafasömu persónu.

Um morguninn var komið sólskin og hressandi hafgola og tilvalið að fá sér sundsprett í litlu lauginni á bökkum Selár, eða ganga um nýja göngu- og útsýnisstíginn, sem þeir Vopnfirðingar eru að leggja ofan við bæinn. Síðdegis buðu Vopnfirðingar upp á strandblak, varðeld og grillaðar pylsur, innan við bæinn. Um kvöldið var aftur slegið upp balli á planinu, við undirleik Núma. En hann þreyttist eins og aðrir, þá öllum að óvörum, birtist annar nikkari, Anna Tryggvadóttir frá Blönduósi, og þandi hún nikkuna af hjartans lyst. Já, þeir leyna á sér Blönduósingar. Um miðnætti var flugeldasýning, og þar með luku þeir Vopnfirðingar Vopnaskaki sínu.

Á mánudagsmorgun lögðum við af stað yfir Hellsheiði til Héraðs. Heiðin er 655 m. há og er verið að byggja nýjan veg yfir hana, en samt er nú betra að bæði bíll og bílstjóri séu í góðu ástandi. Mig er lengi búið að langa til að fara þessa leið og loksins kom að því að draumurinn yrði að veruleika. Á efstu brún heiðarinnar nánum við staðar og nutum dýrlegs útsýnis yfir Héraðsflóa, það var eins og allar dásemdir heimsins lægju fyrir fótum okkar. Sjá alla þessa bláu fegurð. Vegurinn framundan eins og slaufa á gjafapakka. Hringir þá ekki síminn. Það var dóttir mín, sem spurði “Mamma, hvernig á ég að fara að því að skifta á andskotans Mansjúríusveppnum?” Mér var snarlega kippt inn í gráan hversdaginn. Það ætti svei mér að banna að vera með síma á ferðalögum.

Eftir að komið var af heiðinni, áðum við hjá Ketilsstöðum í Jökulsárhlið, en héldum síðan áleiðis á næsta áfangastað, sem er Borgarfjörður. Við fórum yfir Lagarfljót við Lagarföss, sem er aðeins 11 m. hár og varla annað en flúðir, þarna var gerður laxastigi fyrir 60 árum. Í Njarðvíkurskriðum býr óvætturinn Naddi, eða bjó, skulum við segja. Allir ættu nú samt að staldra við hjá krossinum við veginn og hugsa sitt mál, áður en lengra er haldið. Versið, sem er á krossinum, er svona í ísl. þýðingu:

Þú, sem að framhjá fer
fram fall í þessum reit
og Kristi ímynd hér
auðmjúkur lotning veit.

Við settum okkur niður á tjaldstæðinu hjá Stapa, sem er ferðaþjónustustaður yfir sumartímann. Nokkru utar er Geitavík, þar sem meistari Kjarval ólst upp. Eftir matinn fórum við, nokkrar konur á göngu um þorpið, gengum á Álfaborgina og skoðuðum fjöllin, með aðstoð hringsjárinnar. Ekki veit ég hvort Mária býr enn í borginni. Það blakti ekki hár á höfði og hitinn 20°. Daginn eftir fórum við að skoða höfnina og lundabyggðina þar, síðan var farið í Álfastein, þar stóð jaspisinn mikli fyrir dyrum úti, hann vegur 2250 kg. En þeir voru öllu smágerðari steinarnir, sem voru til sölu innan dyra, mönnum til heilsubótar og yndisauka.

Þá var haldið upp á Hérað og sest að á tjaldstæði Grétars bónda á Skipalæk við Fellabæ. Þar er góð aðstaða, meira að segja nuddpottur. Kvöldið var kyrrt og hlýtt og ljósin á Egilsstöðum nutu sín vel, þar sem þau spegluðust í lygnu Fljótinu.

Ferðanefndin gekk á milli bíla, með kyndla í höndum og tilkynnti, að grillveislan yrði annað kvöld, vegna votrar framtíðarspár. Á miðvikudagskvöld var svo grillað í skjóli við gestahúsið og stóð mjög svo brjóst(a)góð ferðanefndin fyrir beina, og fórst það vel úr hendi.

Við fórum nokkur í gönguferð um bæinn og litum inn á pöbbinn og slökuðum okkur í leðursófanum, með björglas í hendi. Þá uppgötvuðum við að við vorum stödd í miðju gæsapartyi. Tilvonandi brúðurin með höfuðfat úr smokkum og stöllur hennar voru að matast við eitt borðið og ungur og glæsilegur drengur gekk um beina, kviknakinn, nema með svarta svuntu.

Næsta morgun fóru sumir suður til Breiðdalsvíkur samkvæmt dagskrá, en aðrir fóru niður á firði, eða eitthvað annað í heimsóknir. Upp úr hádegi á föstudaginn fóru ferðafélagarnir að tínast til Egilsstaða, mismunandi hraktir, eftir því hvað langt var haldið suður á bóginn daginn áður. Laugardagsnóttin var síðasta nóttin okkar á Austurlandi og um morguninn héldu sumir á Bessastaðaheiði, áleiðis að Snæfelli, en aðrir fóru þjóðveg 1 norður á bóginn og áðu hjá Sænautaseli. En síðan var haldið racleitt í

Mývatnssveitina. Við fengum að vera að húsabaki, í sjónmáli við barinn, en merkilegt nokk ég held að ekkert okkar hafi farið þangað. Við gerðum hring úr bílum og sóltjöldum og áttum þar notalegt síðdegi í sólinni, sem hafði fylgt okkur dyggilega undanfarna daga. Þegar kvöldið tók flakkari 180 fram hljómborðið og sumir sungu með við vasaljós og var dansað á grasinu fram á nótt. Við vöknudum í blíðu veðri um morguninn og settumst í hringinn með morgunkaffið okkar, tvær litlar blómarósir seldu nýbökðu rúnstykki úr körfu og svo hlustuðum við á sunnudagsmorgun með Svavari Gest. Hvað getur verið heimilislegra? Enda vorum við öll orðin eins og ein fjölskylda.

H.H.